

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 130/2025
komudagur 21.4.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.4.2004
Tilvísun 111
RBJ

Efni: Umsögn um 518. mál, þingsályktun um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. mars síðastliðnum þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins, 518. mál.


Tillaga flutningsmanna er að sett verði á laggirnar nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði og í framhaldinu geri nefndin tillögur um það hvernig sjálfstæði stofnunarinnar verði best tryggt og starfsemi þess efl, þ.m.t. hvort rétt sé að færa stofnina undir Alþingi.

Kauphöll Íslands telur ekki brýnt að slík könnun sé gerð, a.m.k. ekki að svo stöddu, meðal annars í ljósi fyrirliggjandi og væntanlegra réttargerða frá Evrópusambandinu. Veigameiri rök má ef til vill færa fyrir könnun út frá sjónarhorni flutningsmanna eftir að innleiðingu þeirra er lokið í íslenskan rétt. Margar af þeim tilskipunum lúta með einum eða öðrum hætti að eftirliti á verðbréfamarkaði og mikilsvert er fyrir íslenskan fjármálamarkað staða eftirlitsaðila sé sambærileg á við stöðu eftirlitsaðila á nágrannamörkuðum.

Kauphöllinni er ekki kunnugt um að systurstofnanir Fjármálaeftirlitsins á Norðurlöndunum heyrir beint undir löggjafarþing viðkomandi landa.

Varðandi athugasemdir í greinargerð með tillögunni þá verður að telja hæpið að halda því fram að stjórnarsýsluleg staða viðskiptaráðuneytisins og verkefni tengd einkavæðingu hafi haft neikvæð áhrif á sjálfstæði eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Einnig verður að fara varlega í að jafna stöðu Ríkisendurskoðunar og Umboðsmanns Alþingis við stöðu Fjármálaeftirlitsins enda verður að telja það meginhlutverk fyrrnefndu aðilanna að hafa eftirlit með stjórnarsýslunni. Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins lýtur að meginstefnu til að starfsleyfisskyldum aðilum og að farið sé eftir lagaákvæðum sem lúta ekki frekar að opinberum aðilum en öðrum.

Virðingarfyllt,


Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.